
Landsnet – Spá um storm og sviptivinda suðaustan- og austanlands
23.11. 2017 kl. 16:00

Almennt yfirlit

Hvessir að nýju sunnan undir Vatnajökli og nú einkum austan Kvískerja. Í kvöld og einkum í nótt hvessir líka á Austfjörðum enn frekar, 20-25 m/s í lofti. Stendur þvert á Austfjarðalínur og sviptivindar verða einkum í fjarðarbotnum s.s. í Reyðarfirði og Seyðisfirði. Lagast ekki að ráði þarna fyrr en aðfararnótt laugardags eða á laugardagmorgun.

Nánar um veðurútlitið

Veðrið skánaði sunnan Vatnajökuls eftir kl. 10 í morgun um leið og hann snerist frá NNA-átt í NNV-átt. Hins vegar hefur loftvog eystra verið að falla upp á síðkastið og hvessir því á nýjan leik, en einkum austan Kvískerja. Spáð er allt að 35 m/s í lofti yfir Austfjörðum og austasta hluta Vatnajökuls í nótt og lengst af morgundagsins. Vindáttin er NNV og væntanlega verða mikil fjallaköst í Lóni, Hamarsfiði og þar í grennd. Eins í fjarðarbotnum fyrir austan. Spáð er miklum snjó s.s. á Fjarðarheiði, getur bætt við 1,5 m af nýjum snjó þar, en hins vegar er hann að ferðinni og fyllir fljótt skálar og í gil. Eins mikil snjókoma á Hellisheiði eystri, en mun minni annars staðar. Hætt er við snjóflóðum í Seyðisfiði (Úr Bjólfinum) við þessar sérstöku aðstæður með þetta mikilli ofankomu í NV-átt. Í Öxarfirði er gert ráð fyrir +1°C. Þrátt fyrir það verður ekki slydda að ráði, því aðeins er útlit fyrir minniháttar úrkomumagn.

Veðurviðvörðun

Vegna storms og sviptivinda í NV-átt er hætt er við samslætti eða öðrum truflunum á línunum allt fram á laugardagsmorgunn frá Breiðamerkursandi og austur í Hérað. Einnig á Austfjarðalínur þar sem óvenju hvasst verður þennan tíma.

